

Nd.

683. Frumvarp til laga

[183. mál]

um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

1. Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsparfa á sama hátt og verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum ekki einkaeign.

2. Nú hafa ferðamenn áfangastað við veiðivatn á afrétti eða almenningi, þar sem veiðiréttur er ekki einkaeign, og mega þeir þá veiða fisk í því vatni til matar sér á ferðalaginu. Eigi er mönnum rétt að gera ferð sína að slíku vatni til að stunda veiði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur umferð um hálendið vaxið til stórra muna, og að sama skapi hefur aukizt veiðiskapur í heiðarvötnum, svo að hætta þykir á, að fiskstofninn gangi til þurrðar, enda eru þess dæmi, að menn hafi farið með stórtæk tæki til veiða í þessum vötnum. Lífsskilyrði fiska í heiðarvötnum eru miklu minni en í byggðavötnum, og er því þeim mun meiri hætta á ofveiði í heiðarvötnunum. Markmið 1. gr. er að veita fiskstofni í heiðarvötnum eðlilega vernd.